

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Vopnafirði



Dags eftirlits	18.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Hreiðar Geirsson	Staðsetning	691175,044	590358,894

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust engin frávik frá kröfum í starfsleyfi en gerðar voru tvær athugasemdir við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Vopnafirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók var ágætlega færð.

Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Fimm geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Á næsta ári er þó komið að endurmælingu á nokkrum geymum. Lagnir á að þrýstiprófa á fimm ára fresti og eru lagnirnar samþykktar til áframhaldandi notkunar. Á næsta ári skal þó þrýstiprófa verskmiðjulögnina.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Girðingar og hlið voru í lagi.

Áfyllingaplanið var líka skoðað. Þar sem stöðin stendur neðst í brekku, virðist rigningavatn (leysingavatn) úr malbikaðri brekku ofan stöðvar renna inn á áfyllingaplanið og í gegnum olíuskilju stöðvarinnar. Áætla má að vatnsagi af þessum sökum geti orðið allmikill í leysingum og jafnvel þannig að hámarksrennsli fari yfir þau mörk sem olíuskiljan er hönnuð fyrir. Einnig má áætla að mól og sandur úr brekkunni berist í skiljuna með vatnsaganum. Leysa má þetta vandamál með því að breyta halla eða byggja upp kant við vegginn þar sem hann rennur framhjá stöðinni.

Upplýsingar hafa nú borist um að þetta vandamál hafi verið lagað og verða því ekki frekari eftirmál vegna þess.

Dæling á litaðri gasolíu, í og úr geymi T2011 virðist fara fram utan við áfyllingaplan stöðvarinnar. Tengislöngur sem ganga í gegnum girðingu um stöðina benda til þess. Allar dælingar á eldsneyti í og úr flutningbílum skulu fara fram á áfyllingaplani stöðvarinnar. Skipta þarf út tengislöngum þannig að þær nái yfir á áfyllingaplan stöðvarinnar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1:

Dælingar utan áfyllingaplans

Litraðri gasolíu skal dæla á og af flutningabílum þar sem þeir eru staðsettir á áfyllingaplani stöðvarinnar. Skipta þarf út tengislöngum þannig að þær nái yfir á áfyllingaplan stöðvarinnar.

Reykjavík, 27.08.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.